

Mál nr. 108/2011**M****og****Vátryggingfélagið X v/greiðslukortatryggingar****Ágreiningur um greiðsluskyldu í tengslum við utanferð á árinu 2009 og skyndilega heimferð.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 09.03. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 04.04. 2011, ásamt fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Í febrúar 2010 var félaginu tilkynnt um korthafatjón frá M. Meðfylgjandi var vottorð sérfræðings í geðlækningum dags. 12.02. 2010.

Vátryggingafélagið vísar til þess að þar komi m.a. fram að M hafi átt við veikindi að stríða til langs tíma. M hafi m.a. verið í eftirliti og meðferð vegna þeirra. Félagið tekur að læknisvottorð beri að skýra á þann veg að M hafi þjáðst af veikindum og leitað meðferðar vegna þeirra þegar staðfestingargjald utanferðar var greitt í nóvember 2009. Félagið vísar til þess að samkvæmt skilmálum bætir félagið ekki tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma sem vátryggður þjáðist af og var í meðferð vegna þegar staðfestingargjald var greitt.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun í gögnum málsins.

Álit

Með hliðsjón af fyrirliggjandi gögnum hefur ekki verið sýnt fram á greiðsluskyldu þeirrar vátryggingar sem hér um ræðir. Fallist er á það sjónarmið vátryggingafélagsins að um undanskilda áhættu sé að ræða þ.e. félagið bætir ekki tjón vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma sem vátryggður þjáðist af og var í meðferð vegna þegar staðfestingargjald var greitt.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er ekki fyrir hendi.

Reykjavík 19. apríl 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.